

Fjórir ungir listamenn frá Norðurlöndum

Óvenjuleg sýning stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Þar eru sýnd verk eftir 4 unga listamenn frá Norðurlöndum, en eitt þeirra er ekki með, það er Finnland. Þessi sýning er upprunalega gerð af Heine Onstad safninu í Noregi og á að sýna þátttöku Norðurlandanna í Æsku-Biennal í París 1977, en þangað er aðeins boðið listamönnum undir 35 ára aldri, og höfum við Íslendingar verið þar þátttakendur hérumbil frá fyrstu tíð. Það hefur komið fram í fjölmiðlum, að gagnrýndur velji sýndendur á Æsku-Biennalen í París, en ég er hræddur um, að fáir gagnrýndendur hérlendis hafi komið þar við sögu. Þetta vil ég leiðrétta hér til að forða okkur, sem um myndlist skrifa, frá allri ábyrgð, hvað þetta fyrirtæki snertir og þá einkum og sér í lagi þessa sýningu á Kjarvalsstöðum. Það er nægilegt, sem gagnrýndendur hafa á

sinni könnu, þótt ekki séu þeir bornir fyrir hlutum, sem þeir hafa ekki komið nálægt. Sem sagt, hér með leiðrétti ég þetta atriði, hvað Ísland varðar a.m.k.

Nýlistarmenn eru hér á ferð, eða það sem eitt sinn var kallað framúrstefnu-menn. Hér sjáum við unnið í fjölda efna, og ekki vantar hugmyndaflugið hjá þessum ungu listamönnum. Þeir útskýra einnig hver fyrir sig í sýningarskrá, hvað þeir eru að fara, og ekki veitir af. Þátttakandi Íslands, Ólafur Lárusson, hefur þar sérstöðu. Texti hans er stuttur og hnitmiðaður og því honum til sóma, þegar borið er saman við það, sem sumir af félögum hans á þessari sýningu hafa að segja. Mestar eru útskyringarnar, þar sem minnst er að gera í listaverkinu. „Big smoke, no fire,“ sagði Indíaninn.

Ólafur Lárusson á þarna einn



„Stóra harmoníkan“ eftir Anders Åberg

þeirra félaga, concept verk, sem hanga á vegg. Það eru allt ljósmyndir og kasta fram tilgátum, sem hver og einn verður síðan að skilja eftir sinni getu. Ég held, að hann hafi sýnt þessar myndir hér heima áður, en má vera, að ég muni ekki rétt. Anders Åberg frá Svíþjóð á ef til vill skemmtilegasta verkið á þessari sýningu. Það er „Stóra harmoníkan,“ sem hægt er að fara inn í belginn á, og þá blasa við manni þjóðvísur. Að utan er landsbyggðin og fleira. Ég hafði skemmtun af þessu verki, og mér fannst það spegla humanistíska tilfinningu, sem er stundum vandfundin í því, sem nú er kallað nýlist. Daninn Björn Nörgaard notar ýmis efni til að búa til sitt sandkassaland. Þar má finna mól,

hraun, plast, gips, húsgögn, raflampa og sjónvarp. Svo kemur það manni óneitanlega á óvart, að verkið skuli vera til orðið fyrir áhrif úr okkar gömlu og góðu Eddu. Snorra-Edda er mjög myndrík bók — þar er öllu lýst á stuttan og laggóðan hátt. Þesskonar myndríki hef ég einnig reynt að stefna að í þessu verki,“ segir listamaðurinn, og þá hafði þið skilið verkið, góðir hálsar. Ég skal fúslega játa, að ég var litlu nær, þrátt fyrir þessa yfirlýsingu listamannsins, og verkið í heild verkaði heldur ruglingslegt á jafn úrkynjaðan gamlingja og maður er víst orðinn. Þá er einn listamaður eftir, það er Norðmaðurinn Viggo Andersen, sem byggt hefur sérstakt herbergi inni í sýningarsalnum,

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

og þar getur heldur fát að líta: rafmagnsperur fyrir enda herbergisins og nokkrir munir aðrir innan veggja, ekki veit ég alveg, hvað Andersen er að fara, en þetta er allt snyrtilega upp sett. Það er svolítill tilhneiging til hreinleika og einföldunar í formi, sem gefur þessu verki gildi.

Í heild varð ég ekki uppnuminn af þessari sýningu, en það var þó skemmtilegt að sjá hvað jafnfræg listastofnun og Heine-Onstad safnið fæst við og lætur Norræna menningarmálasjóðinn senda vítt og breitt um Norðurlönd. Mig grunar, að hér sé um visst snobberí að ræða, sem óneitanlega minnir á, að það var á Norðurlöndum, sem H.C. Andersen skrifaði „Nýju fötin keisarans.“ Það hafa oft verið skringileg hlaup eftir strætisvagninum í listasögu Norðurlanda, því óvissan og vankunnáttan hafa gert marga að viðundri af hræðslu við að missa af vagninum. Því ekki að hafa það eins og vitringur einn, sem spurður var hvort strætisvagninn væri farinn framhjá. Já, en það gerir ekkert til, það kemur alltaf annar, svaraði drenginnokki, sem sullaði í pollinum sínum í haustríngingunni.

Nýtt bílaumboð á Íslandi

Við höfum nú hafið innflutning á bílum frá Rúmeníu. Rúmenskir bílar hafa getið sér gott orð í Evrópu og verðið getur enginn staðist.



fjór hjóladrif

5 gerðir þar af 2 pick-up 2ja, 3ja og 5 dyra. 4 hjóla drif. ARO jeppinn hefur m.a. unnið Afríku safari keppnina.

Sýningarbíl
á Bílasölu Alla Rúts.



Verð frá ca. kr.
3.600.000
til
3.950.000




ROMAN

— 40 til 51 manna rútur

Alklæddur með sætum, sjónvarpi, stereo-hljómtæki o.fl. o.fl.

Verð frá ca. kr.

24.000.000.



TV — Mini Bus

í 12 mismunandi gerðum t.d. litlir og stórir sendibílar pallbílar, sjúkubílar. 12 til 14 manna farþegabílar alklæddir. Verð á farþegabílum frá ca. kr. 5.5 millj. Bílarnir eru með drifi á öllum hjólum. Bensín eða diesel.



— umboðið, sf.

BÍLASÖLU ALLA RÚTS

Hyrjarhöfða 2 — Sími 81666 Reykjavík.